

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*  
Starfsleyfisskilyrði fyrir leikskóla og skóla

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar. Starfsleyfi leikskóla og skóla tekur til húsnæðis og lóðar.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði
- 1.3 Húsnæðið skal hafa hlotið samþykkt byggingarnefndar.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfseminna, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

### 2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.
- 2.5 Húsnæði leikskóla skal miðað við að leikrými sé a.m.k. 3 m<sup>2</sup> fyrir hvert barn. Ávallt skal meira en 1,4 m<sup>2</sup> gólfplatar koma á hvern nemanda í kennslustofu í skóla.
- 2.6 Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m<sup>2</sup> og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsing. Einnota þurrkur og fljótandi handsápa skal vera við handlaugar á salernum.
- 2.7 Í leikskólum skulu salerni og handlaugar vera við hæfi barna.
- 2.8 Í skólastofum skal vera handlaug.

### 3. Matvæli

- 3.1 Fullnægjandi aðstaða skal vera til matreiðslu og geymslu matvæla og til neyslu þeirra.
- 3.2 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

### 4. Hreinlæti

- 4.1 Í leikskólum og skólum skal vera skrifleg þrifaáætlun og verklýsing á hverju vinnusvæði (þ.m.t. leikföng, dýnur, rúmföt, leiktæki o.fl.), þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota til þrifa.
- 4.2 Í leikskólum og skólum skal þrifa daglega og almenn hreingerning gerð á öllu húsnæðinu a.m.k. einu sinni á ári.
- 4.3 Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 4.4 Þjónustuhandbók eða samsvarandi fyrir loftræsingum skal vera aðgengileg.
- 4.5 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið.
- 4.6 Reykingar eru bannaðar í leikskólum og skólum, bæði í húsnæði og á lóð.

## 5. Öryggi og slysavarnir

- 5.1 Við eftirlit með öryggi og slysavörnum skal farið eftir viðeigandi stöðlum um öryggi og slysavarnir í leikskólum, skólum og á leiksvæðum þeirra.
- 5.2 Leikskólastjóri/skólastjóri er ábyrgur fyrir því að reglulegt innra eftirlit sé haft með leiktækjum og búnaði. Stuðst skal við staðla eftir því sem við á.
- 5.3 Blöndunartæki við handlaugar barna skulu vera hitastýrð. Vatnshiti við töppunarstað skal ekki fara yfir 38°C á leikskólum og ekki yfir 43°C í skólum. Fyrirtæki sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003 hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla kröfu um vatnshita.
- 5.4 Leikskólastjóri/skólastjóri skal skrá slys og óhöpp sem verða í leikskólanum/skólanum á þar til gerð eyðublöð.

## 6. Leikföng og leiktæki

- 6.1 Leikföng skulu hæfa aldri barna og þannig gerð að skapi ekki hættu.
- 6.2 Styðjast skal við CE-merkingar og staðla. Leiktæki skulu vera samkvæmt stöðlum.
- 6.3 Öll leiktæki skulu vera vandlega fest í jörð.
- 6.4 Fallundirlag skal vera í samræmi við staðla.
- 6.5 Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

## 7. Lóð

- 7.1 Leiksvæði skal vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir á lóðinni þannig að stafi hætta af.
- 7.2 Leikskólalóðir skulu afgirtar. Frágangur lóða skal vera þannig að börnum stafi ekki hætta af.
- 7.3 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið. Lýsing skal vera góð.

## 8. Umhverfismál

- 8.1 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 8.2 Lyf og hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 8.3 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 8.4 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.

### Starfsleyfisráðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 19/1997 um sóttvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 776/1998 um snyrtivörur, reglugerð nr. 225/1995 um starfsemi leikskóla, og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 80 Fræðslustarfsemi og 85.32.2 Leikskólar og önnur dagvistun barna